

## Ágætu námslæknar í heimilislækningum

Við bjóðum ykkur velkomin á lyflækningadeildir.

Við viljum benda á þær upplýsingar sem eru á heimasíðunni fyrir Framhaldsnám í almennum lyflækningum og flipann þar sem heitir „Sérnámslæknar í heimilislækningum“.

<https://www.landspitali.is/fagfolk/menntun/framhaldsnam-laekna/>

Þar er að finna:

- Gátlista við upphaf starfa
- Gátlista fyrir skilyrði fyrir sérnámslækna í heimilislækningum
- Gátlista fyrir öldrun

Einnig er þar að finna hlekki á þau matsblöð sem þið eigið að skila á lyflækningasviði, útskýringar á matsblöðunum og hvað felst í Personal Development Plan (PDP).

### Vaktaskema

Vikuskipulag má finna á eftirfarandi slóð:

<https://docs.google.com/spreadsheets/d/1VvzpzfckOhvSVnZEelulV0vBb-8l60KHg9YTlyr-bLM/edit#gid=2134345571>

**Vaktir** eru settar upp í rafrænt kerfi sem auðveldar yfirlit yfir vaktir. Kerfið má finna hér:

[www.amion.com](http://www.amion.com) og má nálgast lykilorð hjá Gerði Helgadóttur, skrifstofustjóra framhaldsmenntunar á lyflækningadeildum.

Sérnámslæknar í heimilislækningum, sem koma í 8 mánuði, fara í u.þ.b. 2-4 á námsvistir á öldrun, 1-2 mánuði á göngudeildir (venjulega göngudeild innkirtlalækninga nema aðrar óskir komi fram), síðan á bráðalyflækningadeildir, lungnadeildir og hjartadeildir, en ef óskir um aðrar deildir koma fram í tæka tíð má oft verða við þeim. Vaktaskemað er gert fyrir sex mánuði í senn og þurfa óskir fyrir tímabilið viku 36-viku 9 (sept-feb) að koma fyrir 1. mars, og fyrir vikur 10-35 (mars-ágúst) að koma fyrir 1. september árið á undan.

Sérnámslæknar sem koma í skemmri tíma, t.d. 4 mánuði, fara almennt aðallega á öldrun og mögulega stutta námsvist á göngudeild (t.d. göngudeild Innkirtlalækninga).

### Móttökumiðstöð

Gert er ráð fyrir að sérnámslæknar í heimilislæknum mæti fyrsta dag sinn skv. ráðningarsamningi í móttökumiðstöð í Skaftahlíð 24. Nánari upplýsingar varðandi móttökumiðstöðina er að finna [hér](#). Athugið að forföll á fyrsta degi þarf að tilkynna bæði í móttökumiðstöðina og einnig til Gerðar og á deildina sem þið eruð skráð á.

### Óvænt forföll á virkum dögum að tilkynna:

1. Til Gerðar Helgadóttur – tiltaka ef viðkomandi á vakt þennan dag.
2. Hringja á legudeild fyrir kl. 08 og láta vita fyrir stöðufundinn
3. Senda póst á sérfræðing sem er ábyrgur fyrir teyminu og upplýsa hann um fjarveru ykkar.

## **Athugið**

Námslæknar í heimilislækningum fara að jafnaði á öldrunardeildir á Landakoti. Þá takið þið vaktir á Landakoti (bakvaktir með stuttan tíma bundinn í húsi) en einnig helgarvaktir á hreyfiteyminu á G2 sem eru skráðar í stóra vaktaskemaskjalinu.

Anna Björg Jónsdóttir gerir vaktaskema fyrir öldrunardeildir á Landakoti og raðar ykkur niður á teymin þar. Það skema kemur inn sem sérflipi á vaktaskjalinu.

Námslæknar á lyflækningadeildum tilheyra ákveðnum klasa (dæmi öldrun og göngudeild innkirtlalækninga er í klasa A). Vinsamlegast skoðið í hvaða klasa þið eruð skráð á tímabilinu á lyflækningasviði. Ykkur er boðið með í Workplace hóp fyrir þann klasa þegar vaktaskemað liggur fyrir og venjan er að námslæknar hittist og raði sér niður á vaktir og skipti vöktum ef fyrirfram skráðar vaktir henta illa. Workplace er mikið notað sem samskiptaleið innan klasans og því gott að fylgjast með þar.

Í upphafi starfs á lyflækningasviði biðjum við ykkur að bóka tíma með ykkar mentor og framhaldsmenntunarstjóra í lyflækningum, Ingu Sif Ólafsdóttur, sem og fund með ykkar klíniska handleiðara.

*Með kærri kveðju*

*Kennslustjórar í lyflækningum*